

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 285/2023

frá 27. október 2023

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð ráðsins (EB) nr. 569/2008 frá 12. júní 2008 um breytingu á reglugerð nr. 11 um afnám mismununar á flutningsgjöldum og -skilmálum í tengslum við framkvæmd 3. mgr. 79. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 6. lið (reglugerð ráðsins nr. 11) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32008 R 0569**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 569/2008 frá 12. júní 2008 (Stjtið. ESB L 161, 20.6.2008, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 569/2008, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 20.6.2008, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður